

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 92/4/EBE**

frá 10. febrúar 1992

**um breytingu á tilskipun ráðsins 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að breyta tilskipun ráðsins 78/663/EBE <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/612/EBE <sup>(3)</sup> til þess að taka megi tillit til forskrifta sem samþykktar eru með *Codex Alimentarius* og til nýrrar framleiðslutækni.

Haft var samráð við vísindanefndina um matvæli um þau ákvæði sem líklegt var talið að haft gætu áhrif á almannaheilbrigði samkvæmt 6. gr. tilskipunar 89/107/EBE.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Viðauka við tilskipun 78/663/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. júní 1993 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 1992.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*varaforseti.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 223, 14. 8. 1978, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 326, 24. 11. 1990, bls. 58.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka við tilskipun 78/663/EBE:

Undir E 473 — Súkrósaesterar:

- a) eftirfarandi málslíður kemur í stað lokamálsliðar í liðnum um kemíska lýsingu:  
„Ekki skulu notaðir aðrir lífræninir leysar við tilreiðslu þeirra en dímetýlsúlfoxíð, dímetýlformamíð, etýlasetat, ísóprópanól, ísóbútanól og metýletýlketon.“
  - b) eftirfarandi lið er bætt neðan við liðinn þar sem fjallað er um ísóbútanólinnihald:  
„Metýletýlketoninnihald / ekki yfir 10 mg/kg.“
-